

Mál 2/2022

Þriðjudaginn 9. ágúst var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2022

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 6.6.2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að X hafi gerst brotlegt við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum þann 12.07.2021 kom í ljós að Australian Silky Terrier tíkin A, fædd 19.07.2019, var aðeins 22 mánaða við pörun þann 19.05.2021.

Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er: X

Úr reglugerð um ættbókarskráningu:

4. Lágmarksaldur tíka við pörun er 24 mánuðir, nema annað sé tekið fram í kafla 10 um skilyrði ræktunar einstakra hundakynja.

Kæran var send X til umsagnar með bréfi dagsettu 6.júní.2022 og X gefin 4 vikna andmælafrestur. X svaraði ekki efnislega. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum þann 12.07.2021 kom í ljós að Australian Silky Terrier tíkin A, fædd 19.07.2019, var aðeins 22 mánaða við pörun þann 19.05.2021.

Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er: X

Úr reglugerð um ættbókarskráningu:

4. Lágmarksaldur tíka við pörun er 24 mánuðir, nema annað sé tekið fram í kafla 10 um skilyrði ræktunar einstakra hundakynja

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin hafði ekki náð tilskyldum lágmarksaldri fyrir þörun. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir þörun. Kærða telst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ. Siðanefnd bendir einnig á að kærða hefur gerst brotleg við reglugerð um velferð gæludýra en lágmarksaldur tíka við þörun er þar tilgreindur 24 mánuðir.

IV. Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegt gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

X hlýtur áminningu.

F.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen